

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Skipta hf.

Aðalfundur Skipta hf. verður haldinn kl. 17 miðvikudaginn 27. febrúar 2008 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Skýrsla forstjóra um rekstur félagsins og endurskoðaður reikningur fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum:
– Ákvörðun um hækkun hlutafjár.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðunarstofu.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
8. Starfskjarastefna.
9. Ákvörðun um heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Taka hlutabréfa Skipta hf. til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf.
11. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur sem og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Sjá einnig heimasíðu félagsins: www.skipti.is.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhent hluthöfum á aðalfundardaginn frá kl. 16 á fundarstað á Hilton Reykjavík Nordica.

Stjórn Skipta hf.

Tillögur félagsstjórnar Skipta hf. fyrir aðalfund félagsins 27. febrúar 2008

1. Tillaga félagsstjórnar skv. 3. dagskrárlið um breytingar á gr. 4.6 í samþykktum félagsins:

Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að henni verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að 1.500.000.000.- kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Heimild þessa megi m.a. nota til að kaupa eða skipta á hlutafé í erlendum eða eftir atvikum innlendum félögum. Hluthafar falli frá forgangsrétti að téðum hlutum. Eftirstöðvar heimildar frá hluthafafundi 15. mars 2007 falli niður. Heimild þessi gildi í 18 mánuði frá samþykkt hennar á aðalfundi. Stjórn félagsins annist nánari útfærslu á hækkuninni.

2. Tillaga félagsstjórnar skv. 4. dagskrárlið um greiðslu arðs:

Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að aðalfundur haldinn 27. febrúar 2008 samþykki að ekki verði greiddur út arður til hluthafa. Hagnaður félagsins að fjárhæð 3.081.816 þús.kr. verði færður til hækkunar á eigin fé félagsins.

3. Tillaga félagsstjórnar skv. 5. dagskrárlið um framboð til stjórnar:

Framboðsfrestur rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

4. Tillaga félagsstjórnar skv. 6. dagskrárlið um endurskoðunarstofu:

Lagt er til að Deloitte hf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, verði endurkjörin endurskoðunarstofa Skipta hf. fyrir árið 2008.

5. Tillaga félagsstjórnar skv. 7. dagskrárlið um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil

Tillagan verður borin upp á fundinum.

6. Tillaga félagsstjórnar skv. 8. dagskrárlið um starfskjarastefnu

Stjórn Skipta hf. leggur til að neðangreind starfskjarastefna verði samþykkt sem starfskjarastefna Skipta hf.:

Starfskjarastefna Skipta hf.

1. gr. Markmið

Markmið starfskjarastefnu þessarar er að gera starf hjá Skiptum hf. að eftirsóknarverðum kosti fyrir starfsfólk og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum á alþjóðavettvangi.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga um hlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir sem og afkomu félagsins.

Stjórnarmenn skulu fá fasta þóknun fyrir hvern fund sem þeir sitja í undirnefndum stjórnar og skal sú þóknun ákveðin af aðalfundi félagsins.

3. gr. Starfskjör forstjóra

Gera skal skriflega(n) ráðningarsamning(a) við forstjóra. Kjör hans/þeirra skulu ávallt vera samkeppnishæf á alþjóðamarkaði.

Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum. Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningnum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest. Heimilt er að semja við forstjóra um upphafsgreiðslu vegna ráðningar hans/þeirra að félaginu.

Stjórn er jafnframt heimilt að umbuna forstjóra til viðbótar grunnlaunum, sbr. 4. gr.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok forstjóra.

4. gr. Umbun til æðstu stjórnenda

Stjórnin hefur tilnefnt sérstaka starfskjaranefnd til ráðgjafar fyrir stjórn varðandi starfskjör æðstu stjórnenda og fyrirkomulag á hvatningakerfi og hlutabréfavalréttarkerfum. Starfskjaranefndin upplýsir stjórnina reglulega um störf sín og gerir þær tillögur sem hún telur nauðsynlegar eða viðeigandi.

Þetta fyrirkomulag er í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands um góða stjórnarhætti sem gefnar voru út árið 2005.

Forstjóra er heimilt, að fenginni tillögu frá starfskjaranefnd, að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lánasamninga (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt lögum, lífeyrissamninga og starfslokasamninga.

Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins.

5. gr. Valréttarkerfi

Til þess að samræma hagsmuni starfsmanna við langtímahagsmuni hluthafa getur Skipti gert starfsmönnum kleift að kaupa hluti í félaginu. Getur Skipti í þessu skyni gefið út kauprétti, veitt lán í samræmi við almennar reglur til að fjármagna kaup og í sumum tilvikum gefið út sölurétti.

Kaup- og söluréttir hverju sinni geta í heild numið allt að 9% af útgefnu hlutafé í Skiptum.

6. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Er starfskjarastefnan bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. hlutafélagalaga. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Greinargerð með starfskjarastefnu Skipta hf.

Með lögum nr. 89/2006 var m.a. gerð sú breyting á hlutafélagalögum að grein 79a. var bætt inn í lögin. Greinin leggur þá skyldu á stjórn Skipta hf. að leggja starfskjarastefnu fyrir aðalfund félagsins. Skal starfskjarastefnan mæla fyrir um laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Segir í lögnum að í starfskjarastefnu skuli koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum þeirra og þá meðal annars í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á þeim, lánasamninga, lífeyrissamninga og starfslokasamninga.

Var umrædd lagabreyting gerð vegna tilmæla Framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því varðar starfskjör stjórnenda í hlutafélögum sem eru skráð í kauphöll.

Stjórn Skipta hf. hefur það að markmiði með tillögu að starfskjarastefnu, sem hér er lögð fyrir aðalfund félagsins, að marka félaginu raunhæfa starfskjarastefnu sem gerir því fært að laða til sín stjórnendur í fremstu röð og tryggja þar með samkeppnishæfni félagsins á alþjóðlegum vettvangi.

7. Tillaga félagsstjórnar skv. 9. dagskrárlið um heimild til kaupa á eigin hlutum

Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að henni verði veitt heimild til að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa og í samræmi við gr. 9.1 í samþykktum félagsins. Endurgjald fyrir hlutina skuli ekki vera lægra en nafnverð og ekki hærra en 20% yfir markaðsverði bréfanna hverju sinni. Heimildin gildi í 18 mánuði frá samþykkt hennar á aðalfundi.

8. Tillaga félagsstjórnar skv. 10. dagskrárlið um töku hlutabréfa Skipta hf. til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Stjórn Skipta hf. leggur til að heimild frá hluthafafundi 15. mars 2007 þess efnis að óskað verði eftir að hlutabréf félagsins verði tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verði endurnýjuð og að félagið beri allan kostnað sem af því hlýst.